

Innritunin og aðgerðin


LUNDUR

Innritunin

Innritunin fer almennt fram síðasta virka dag fyrir aðgerð. Ef barnið hefur ekki verið flutt beint á **barnagjörgæsluna (BIVA)**, þá mætið þið á **barnahjartadeildina (Avd 67)**. Þessi dagur getur verið frekar langur og reynt á þolinmæðina. Það er margt sem þarf að gera og er það útlistað í grófum dráttum, hér fyrir neðan.

Hjúkrunarfræðingur tekur á móti ykkur og fær hjá ykkur ýmsar upplýsingar. Hann fer með ykkur yfir **undirbúningsrannsóknirnar** og frekari undirbúning fyrir aðgerðina. Þar má nefna hjartalínurit (EKG), blóðprufur og röntgenmynd af lungum.

Barnahjartalæknir ræðir við ykkur og gerir **hjartaómskoðun (EKO)** á barninu.



Sýnisferð um BIVA (gjörgæsluna)

Þegar undirbúningi á deildinni er lokið er farið yfir á BIVA. Starfsfólkið þar tekur á móti ykkur og fer með ykkur í sýnisferð um gjörgæsluna þar sem ykkur verða sýnd **fjölskylduherbergið** og **sjúkrastofa**. Á BIVA munuð þið ræða við **skurðlækni** og **barnasvæfingarlækni**. Svæfingarlæknirinn segir ykkur m.a. hve lengi barnið þarf að fasta fyrir aðgerðina.

Fjölskylduherbergið (anhörigrummet)

Í fjölskylduherberginu er lítill ísskápur, baðherbergi, skápar fyrir verðmæti og sjónvarp. Einnig er hægt að hella upp á kaffi/te og hita mat í örbylgjuofni. Í þessu herbergi munuð þið væntanlega bíða eftir aðgerðina, á meðan barninu er komið fyrir á sjúkrastofunni sinni. Þangað verður svo gott að bregða sér öðru hverju meðan barnið er á gjörgæslunni.

Sjúkrastofan (vårdrum)

Með því að kíkja á sjúkrastofuna fáíð þið betri mynd af því sem bíður eftir aðgerðina. Athugið að foreldrar barnsins á stofunni sem þið skoðið hafa gefið leyfi fyrir innlitinu.

Undirbúningur kvöldið fyrir aðgerðina

Barnið ykkar þarf að fara í **sturtu**/bað kvöldið fyrir aðgerðina og aðgerðarmorguninn sjálfan. Nota þarf sérstaka svampa við böðunina. Þið munuð fá svampana og leiðbeiningar um notkun þeirra, hjá starfsfólki deildarinnar. Þau börn sem ekki leggjast beint inn á barnagjörgæsluna við komuna til Lundar, gista á Ronald McDonald (RMD) húsinu nóttina fyrir aðgerðina og þurfa því foreldrarnir að sjá um þessa böðun sjálfir. Þið munuð svo fá upplýsingar á innritunardeginum, klukkan hvað þið eigið að mæta á deildina sjálfan aðgerðardaginn. Þau börn sem leggjast beint inn á barnagjörgæsluna fá aðstoð af starfsfólki við böðunina.

Aðgerðin

Oftast byrjar aðgerðin um kl. 8. Barnið er fastandi frá kvöldinu áður. Ef þið voruð á RDM um nóttina hafið þið upplýsingar um undirbúning og hvert þið komið um morguninn. Ef barnið var á spítalanum hefur eitt foreldri gist með á deildinni og aðstoðað við undirbúning.

Um morguninn hittið þið fyrst hjúkrunarfræðing. Síðan fylgið þið barninu og hjúkrunarfræðingnum upp á skurðstofumóttökuna. Þar tekur svæfingarlæknir á mótí ykkur og fer yfir helstu atriði varðandi aðgerðina og staðfestir kennitölu, föstu, hugsanlegt ofnæmi o.fl. og barninu er væntanlega gefið kæruleysislyf.

Ef barnið er **yngra en 4 mánaða** kveðja foreldrarnir barnið hér og svæfingarlæknirinn fer með barnið í aðgerð.

Ef barnið er **eldra en 4 mánaða** fara foreldrar með barninu inn í undirbúningsal og eru hjá því þar til búið er að svæfa það. Þeim er svo fylgt til baka í móttökuna.

Foreldrum reynist þessi stund erfið en munið að þótt þið séuð kvíðin er barnið það ekki.

Beðið meðan á aðgerð stendur

Oft bíða foreldrar inni á hjartadeildinni eða á glistastað sínum (t.d. Ronald McDonald húsinu) meðan á aðgerð stendur. Öðrum þykir best að fara í göngutúr og hreyfa sig.

Fáið símanúmer til að hringja í ef þið viljið forvitnast um gang mála. Þegar aðgerðin er búin, hringir skurðlæknirinn og fer yfir aðgerðina, hvað var gert, við hverju má búast o.s.frv. Ekki óttast þótt ekki sé hringt nákvæmlega á áætluðum tíma. Ef þið verðið óróleg, hringið sjálf og spyrjist fyrir.

Biðin getur verið löng á aðgerðardeginum. Mikilvægt er að gleyma ekki að hugsa um sjálfan sig á meðan þið bíðið. Þó þið finnið ekki fyrir hungri eða þorsta verðið þið að borða og drekka til að hafa orku og komast hjá því að fá höfuðverk.

Gott er að finna sér eitthvað að gera til að dreifa huganum. Hugmyndir:

- Fá sér að borða
- Fara út í göngutúr
- Hlusta á góða tónlist ... eða – enn betra – talað mál (t.d. fréttaupptökur af www.ruv.is)

Aðgerð lokið

Barninu er komið fyrir á barnagjörgæslunni, BIVA (gjörgæsluna), og þar sjáið þið það næst. Það getur tekið meira en klukkutíma að flytja það og tengja/aftengja leiðslur o.þ.h..

Á meðan getið þið komið á BIVA og beðið í Foreldraherberginu. Munið að láta starfsfólkið vita þegar þið farið í Foreldraherbergið. Þegar allt er tilbúið verðið þið sótt þangað.

Þrátt fyrir að vera vel undirbúnir, bregður mörgum við að sjá barnið sitt á BIVA. Munið að barninu líður vel og að nú þegar er hafinn hraður bati. Leiðslurnar verða fljótár að fara.

